

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 50/2020

2023/EES/19/04

frá 30. apríl 2020

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1313 frá 2. ágúst 2019 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus amyloliquefaciens* NRRL B-50508, *Bacillus amyloliquefaciens* NRRL B-50509 og *Bacillus subtilis* NRRL B-50510 sem fóðurukefni fyrir eldissvín og aukategundir svína til eldis (leyfishafi er Cargill Incorporated, fulltrúi er Provimi Holding BV) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1315 frá 2. ágúst 2019 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem fóðurukefni (í drykkjarvatn) fyrir gyltur (leyfishafi er Lactosan GmbH & Co) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1324 frá 5. ágúst 2019 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* LMG S-27588, sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga eða kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, eldiskalkúna eða kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aukategundir alifugla til eldis eða sem eru aldir til varps eða til undaneldis, fráfarugrísí, eldissvín og aukategundir svína (leyfishafi er Puratos) ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunar-ákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 303. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/894) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „304. **32019 R 1313:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1313 frá 2. ágúst 2019 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus amyloliquefaciens* NRRL B-50508, *Bacillus amyloliquefaciens* NRRL B-50509 og *Bacillus subtilis* NRRL B-50510 sem fóðurukefni fyrir eldissvín og aukategundir svína til eldis (leyfishafi er Cargill Incorporated, fulltrúi er Provimi Holding BV) (Stjttíð. ESB L 205, 5.8.2019, bls. 1).
305. **32019 R 1315:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1315 frá 2. ágúst 2019 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem fóðurukefni (í drykkjarvatn) fyrir gyltur (leyfishafi er Lactosan GmbH & Co) (Stjttíð. ESB L 205, 5.8.2019, bls. 7).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 205, 5.8.2019, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 205, 5.8.2019, bls. 7.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 206, 6.8.2019, bls. 18.

306. **32019 R 1324:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1324 frá 5. ágúst 2019 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Bacillus subtilis* LMG S-27588, sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga eða kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, eldiskalkúna eða kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aukategundir alifugla til eldis eða sem eru aldir til varps eða til undaneldis, fráfarugrúsi, eldissvín og aukategundir svína (leyfishafi er Puratos) (Stjtið. ESB L 206, 6.8.2019, bls. 18).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2019/1313, (ESB) 2019/1315 og (ESB) 2019/1324, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.